

## Paul McCarthy og Jason Rhoades vinna stórt rýmislistaverk á Fantasy Island-sýninguna á Eiðum

# Amerísk neytendamening dettur eins og af himni ofan



Hugmyndin um framhlið Macy's verður raungerð á Eiðum.

Paul McCarthy og Jason Rhoades eru heimsþekktir rýmislista- menn og hafa haft mikil áhrif á samtímalistina. Þeir eru nú að vinna stórt verk fyrir alþjóðlega listsýningu á Austurlandi í júní. **Steinnur Ásmundsdóttir** hitti þá á Skriðuklaustri í gær.

Fantasy Island-sýningin var formlega opnuð á Skriðuklaustri í maílok, þegar kynntar voru hugmyndir átta innlendra og erlendra listamanna að verkum sem sýnd verða í Hallormsstaðarskógi og á Eiðum síðla júnímánaðar.

Paul McCarthy og Jason Rhoades, báðir mikilvirkir og mjög virtir í hinu alþjóðlega listsamfélagi, lomu til Íslands í gær til að vinna að stóru rýmisverki sem verið er að undirbúa á Eiðum. Segja má að verkið sé bygging með tilvísun til líkans að framhlið Macy's verslunarmiðstöðvar í Los Angeles og inni í því verða hengdar upp 15 kg þungar tólgarbaðsápur sem m.a. er verið að framleiða hjá Klink og Bank.

"Einhvers staðar eru tvær litlar týndar kindur sem með vesældarlegu jarmi leita að sínum stað í veröldinni," segir Rhoades og bætir við að vonandi finni þær að lokum staðinn sinn í Macy's á Eiðum.

### Gagnrýni á neytlusamfélagið

"Í eðli sínu gæti hugmynd okkar verið gagnrýni á neytlu, neytendur og neytlusamfélagið," segir McCarthy. "Við Jason höfum verið að vinna saman í mörg ár og Macy's henti okkur fyrir löngu þegar við vorum að vinna að allt öðrum hlutum. Við vorum að leita að byggingalíkönum og fundum engin, þrátt fyrir mikla leit. Dag einn fáum við símtal þar sem okkur er boðið líkan af Macy's verslunarmiðstöð. Við förum að sækja það og verðum undrandi á að sjá að líkanið er aðeins af framhlið byggingar. Ömurlegt líkan vægast sagt. Við vorum að hugsa um að bæta við það því byggingin var alls ekki þarna. Bara löng framhlið, eins og skritinn gangur. Líkanið er

því af framhlið, en lítur út eins og líkan af byggingu og er alveg fáránlegur hlutur í verunni. Við fórum upp úr þessu að hugsa mikið um framhliðar, framhliðar á list, á byggingum, framhliðar með engu fyrir aftan.

Þegar hugmyndin um Fantasy Island kom upp sáum við tækifæri til að raungera líkanið á Íslandi. Macy's hafði þá engin áform um að byggja verslunarmiðstöðina, svo að við vorum að raungera líkan að húsi sem átti ef til vill aldrei að verða raunverulegt. Raungera hugmynd um ógert hús."

### **Draumurinn raunverulegri en raunveruleikinn sjálfur**

Rhoades segir bygginguna á Eiðum verða listrænan hlut. "Þetta verður höggmynd og sé hún byggð munu kindurnar koma, finna sinn stað. Það er kjarni málsins. Við höfum verið með hugmyndina um Macy's síðan við komum þar inn fyrir dyr. Það hafa aldrei fyrr skapast þær aðstæður að við gætum unnið hugmyndina í verk. Það er draumur okkar sem er að verða hér að veruleika. Eins og Paul sagði er líkanið aðeins að framhlið Macy's. Ég var lengi vel ekki viss um að verslunarmiðstöðin hefði nokkurn tíma verið byggð og þess vegna byggðum við hana hér, áður en við sáum hina raunverulegu miðstöð fullbyggða. Draumurinn er því að vissu leyti raunverulegri en raunveruleikinn sjálfur. Líkón ættu að verða að veruleika. Er það ekki einmitt saga Fantasy Island verkefnisins; maður kemur á eyjuna og á að eignast draum sem maður átti ekki fyrir í daglegu lífi."

### **Það sem er á bak við framhliðar**

McCarthy segist aldrei hafa séð staðinn þar sem verkið mun standa. "Við sáum ljósmyndir og hluti af sköpuninni er að við létum Heklu Dögg Jónsdóttur (framkvæmdastjóra Fantasy Island) það eftir að velja staðsetningu. Á ákveðinn hátt þurfum við ekki að vita mjög nákvæmlega hvernig staðurinn er því við vissum að hann væri lengst austur á Íslandi. Við tókum eitthvað sem er staðsett í Los Angeles á mjög opinberan hátt og á afskaplega vel heima þar; Macy's verslunarmiðstöðina sem er svo einkennandi fyrir lífsstílinn í Los Angeles. Við færum það hingað. Samt erum við ekki að yfirfæra Macy's heldur hugmyndina um Macy's. Byggingin er heldur ekki Macy's heldur meira eins og langur gangur, framhliðin. Það er hægt að festast í því að það sem hér er sé Macy's, en það er ekki svo. Þetta er skúlptúr sem hefur pólitíska skírskotun, vísar til nokkurs konar nýlendu- og landvinningastefnu amerískrar neytendameningar og dettur eins og af himni ofan á stað þar sem engar byggingar né nokkuð annað er að finna. Algjörlega framandi. Það er svona álíka og álverið sem hér á að byggja, sem á upphaf sitt í fyrirtækja- og rekstrarumhverfi og hrapar niður á Reyðarfjörð eins og framandi furðuhlutur."

### **Macy's líklega langtímaverkefni**

McCarthy segist ekki hafa neinar væntingar til verksins, en á von á að sér líki útkoman þegar hann loksins sér hana. "Það geta ekki orðið mistök, aðeins sköpun. Verk okkar snýst um að vinna með fólkinu hér. Að skiptast á hugmyndum við það og fela öðrum vissar ákvarðanir um framvindu. Við erum skaparar framvindu sem gefur ekki nákvæma útkomu."

"Þetta er líklega langtímaverkefni," segir Rhoades og bætir við að þeir félagar hafi rætt um að byggingin geti haft hlutverk í framtíðinni. "Við þurfum að geyma ýmislegt, koma því fyrir, setja það inn í eitthvað sem stendur fjarri. Kannski gefur einhver okkur

minjagripi frá ólympíuleikunum eða við kaupum eitthvað á E-Bay. Hvar eigum við svo að geyma þetta? Jú, við sendum hlutina til Íslands og setjum þá inn í Macy's."

Fantasy Island sýningin verður formlega opnuð í Trjásafninu á Hallormsstað þann 19. júní nk. kl. 13.30. Einnig opna þeir Paul McCarthy og Jason Rhoades sýningu í Kling og Bang Gallerí 21. júní á sólstöðum, þar sem tólgarbaðsápurnar munu einnig skipa sér í öndvegi.

McCarthy er nú á leið til Eindhoven í Hollandi þar sem hann vinnur að sýningu sem opnuð verður 18. júní. Sömuleiðis er Rhoades að opna sýningu í Sviss á næstu dögum.